

28. desember 2020 | Aðsent efni | 774 orð | 1 mynd

## 3% ferða eru með strætó

### Eftir Þórarin Hjaltason

Eftir Þórarin Hjaltason: "25% innstiga eru farþegar að skipta um vagn til að komast milli a og b. Fjöldi ferða með strætó er því fjöldi innstiga margfaldaður með 0,75."

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 er gert ráð fyrir því að auka hlutdeild ferða með strætó úr 4% upp í 12%. Í umræðunni er oft talað um að þrefalda eigi hlut strætó á skipulagstímabilinu. Þegar sveitarfélögin á svæðinu sömdu við ríkið árið 2012 um að fresta stórfamkvæmdum í uppbyggingu þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2022 var ákveðið að sveitarfélögin fengju um einn milljarð á ári til að gera átak í þjónustu strætó. Sveitarfélögin settu sér það markmið að auka hlutdeild strætó í ferðum á höfuðborgarsvæðinu úr 4% í 8% á tímabilinu 2012-2022. Það hefur vægast sagt gengið mjög brösuglega. Hlutur strætó virðist vera óbreyttur frá 2012.

### Ferðavenjukönnun 2019

Í fyrra létu samgönguráð og SSH framkvæma umfangsmestu könnun á ferðavenjum Íslendinga sem gerð hefur verið. Ein af niðurstöðum könnunarinnar var sú að hlutdeild ferða með strætó á höfuðborgarsvæðinu væri 5%. Í ferðavenjukönnun 2017 var hlutur strætó 4%. Þetta þóttu mér mikil tíðindi og ástæða til að sannreyna þetta með því að glugga í ársskýrslur Strætó bs.

Samkvæmt ársskýrslum Strætó bs. var heildarfarþegafjöldinn 11,7 milljónir á árinu 2017 og tæpar 12,2 milljónir á árinu 2019. Aukning um hálf milljón farþega var nú allt og sumt. Eins og öllum er kunnugt hefur bílaumferð aukist mikið á höfuðborgarsvæðinu síðustu árin. Ég efast því um að hlutdeild ferða með strætó hafi aukist milli 2017 til 2019. Niðurstöður ferðavenjukannanna 2017 og 2019 voru ekki gefnar upp með aukastaf. Það var því hugsanlegt að hlutdeild ferða með strætó hefði t.d. verið 4,4 % árið 2017, afrúnnað niður í 4%, og 4,6% árið 2019, afrúnnað upp í 5%.

Nærtækasta skýringin er þó e.t.v. tölfræðileg óvissa, einfaldlega vegna þess að farþegar með strætó eru lítill hluti af þátttakendum í þessum könnunum. Fróðlegt væri að sjá hlutdeild farþega með strætó gefna upp með einum aukastaf ásamt tölfræðilegu öryggisbili. Þannig mætti auðveldlega sjá hvort munur á hlutdeild ferðamáta milli ára sé tölfræðilega marktækur.

### Raunveruleg hlutdeild ferða með strætó

Í ársskýrslum Strætó bs. er sett samasemmerki milli farþegafjölda og fjölda innstiga. Hingað til hefur fjöldi ferða með strætó verið talinn jafn mikill og fjöldi innstiga. Það er fjarri sanni. 25% innstiga eru farþegar að skipta um vagn til að komast milli a og b. Fjöldi ferða með strætó er því fjöldi innstiga margfaldaður með 0,75. Þegar samgönguyfirvöld segja að hlutdeild ferða með strætó á höfuðborgarsvæðinu sé 4% af öllum ferðum, þá er raunveruleg hlutdeild ferða með strætó aðeins  $4 \times 0,75 = 3\%$ .

Í umdeildri skýrslu Cowi & Mannvits um félagslega ábatagreiningu fyrir fyrstu framkvæmdalotu borgarlínu eru niðurstöður byggðar m.a. á tveimur umferðarspám í nýju samgöngulíkani fyrir höfuðborgarsvæðið. Báðar spáarnar eru reiknaðar fyrir árið 2024. Önnur spáin er reiknuð fyrir ástand án borgarlínu og með óbreyttu strætókerfi, þannig að gera má ráð fyrir að spá um hlutdeild ferða með strætó sé svipuð eða hærri en árið 2019 (ekki lægri ef við trúum á breyttar ferðavenjur!). Þessi spá gerir ráð fyrir 1.204.875 ferðum með fólksbílum og 41.492 ferðum með strætó á sólarhring. Í samgöngulíkaninu eru ferðir með strætó skilgreindar á réttan hátt, þannig að ég beið spenntur eftir útkomunni. Ferðir íbúa með vélknúnum ökutækjum eru samtals  $1.204.875 + 41.492 = 1.246.367$  ferðir á sólarhring. Hlutdeild ferða með strætó er  $(41.492/1.246.367) \times 100 = 3,3\%$  af ferðum með vélknúnum ökutækjum.

Þá á eftir að taka ferðir gangandi og hjólandi með í reikninginn. Í samgöngulíkaninu er spáð 79.844 ferðum á reiðhjóli á sólarhring. Hins vegar eru ferðir gangandi ekki með í líkaninu. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 er gert ráð fyrir að hlutdeild gangandi og hjólandi sé 20% af öllum ferðum 2015 og markmiðið er að sú tala hækki í 30% 2040. Ef við gerum ráð fyrir óbreyttri hlutdeild gangandi og hjólandi áður en borgarlínan og breytt strætókerfi eru tekin í gagnið verður hlutdeild ferða með strætó aðeins  $3,3 \times 0,8 = 2,66\%$  af öllum ferðum. Ef við trúum á aukna hlutdeild gangandi og hjólandi af öllum ferðum og hún verði t.d. 23% árið 2024, þá verður hlutdeild ferða með strætó af öllum ferðum aðeins  $3,3 \times 0,77 = 2,54\%$ .

Ég trúði vart mínum eigin augum. Með fullri virðingu fyrir hinu nýja samgöngulíkani kann að vera einhver ónákvæmni í líkaninu sem gerir hlutdeild ferða með strætó minni en hún er í raun og veru. Rétt er að taka fram að þessar umferðarspár voru ekki gerðar með endanlegri útgáfu af líkaninu. Við skulum því leyfa strætó að njóta vafans og gera ráð fyrir að hlutdeild ferða með strætó af



Þórarinn Hjaltason

öllum ferðum á höfuðborgarsvæðinu árið 2019 sé 3%. Þá vaknar spurningin hvort markmið um þreföldun á hlutdeild ferða með strætó á tímabilinu 2015-2040 muni leiða til þess að markmiðið verði 9% í stað 12%.

*Höfundur er umferðarverkfræðingur og fv. bæjarverkfræðingur í Kópavogi. thjaltason@gmail.com*